

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu árgjalds frá einum 13
 prestakalli til annars.—Í þóknanlegu brjefi, 18. f. m., hafði þjer, herra landshöfðingi, 31. desbr.
 með skírskotun til tillagna yðar í brjefi 7. febr. p. á., um framkvæmd á ákvörðuninni í 1887
 3. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla á Íslandi, og sömuleiðis í sambandi við
 brjef yðar 5. maí síðastliðinn, lagt það til, að árgjald það, sem samkvæmt nefndum
 lögum hvílir á Laufás-prestakalli í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, að upphæð 400 kr.,
 greiðist þannig, að frá Laufás-prestakalli verði eptirfylgjandi jarðir lagðar til Þöngla-
 bakka-prestakalls í sama prófastsdæmi, sem samkvæmt prestakallalögunum á að fá 500
 kr. uppbót úr landssjóði :

Lómatjörn, árlegt afgangur	kr. 102,98
Grund,	— — — 92,71
Pálsgerði,	— — — 76,85
Litlagerði,	— — — 44,30
Heiðarhús,	— — — 68,99
	<hr/> Alls kr. 385,83

og að þær kr. 14,17, sem þá standa eptir af árgjaldinu af Laufás-prestakalli greiðist í
 landssjóð, og að kr. 114,14 þær, sem vantar upp á uppbótina til Þönglabakka, greiðist
 úr landssjóði.

Út af þessu læt eg eigi hjá líða, í sambandi við brjef mín 18. apríl og 3. júní
 p. á., þjónustusamlega að tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að
 jeg, samkvæmt heimild þeirri, sem mjer var veitt með konungsúrskurði 16. apríl p. á.,
 fellst á ofanritaðar tillögur yðar, og vil jeg sömuleiðis þjónustusamlega skora á yður,
 að gjöra þóknanlegar ráðstafanir til að framkvæma þær og vonast jeg eptir á sínum
 tíma að fá skýrslu um það.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um fjár- 14
 hald landssjóðskirkna. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. nóvbr. f. á., hafði þjer, 9. jan.
 herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á alþingi síðastliðið
 sumar, þar sem skorað er á stjórnina, að leita enn á ný samninga við hlutadeigandi
 söfnuði um, að þeir, samkvæmt lögum 27. febr. 1880, taki að sjer umsjón og fjárhald
 kirkna þeirra, er landssjóður á, og sömuleiðis, að leggja lagafrumvarp um afhendinguna
 fyrir alþingi 1889, ef sanngjarnir kostir bjóðast af hendi safnaðanna. Hafði þjer látið
 í ljósi, að yður þætti þingsályktunin svo vaxin, að hana ætti að taka til greina, og lagt
 það til, að yður yrði veitt heimild til að gjöra það, sem nauðsynlegt er í þessu efni.

Út af þessu skal yður tjáð þjónustusamlega, til þóknanlegrar leiðbeiningar og
 frekari ráðstöfunar, að jeg veiti yður hjer með hina umbeðnu heimild.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sameiningu sýslumanns- 15
 embættanna í Dalasýslu og Strandasýslu. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 25. nóvbr. f. 9. jan.
 á., hafði þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá, að á alþingi síðastliðið sumar hafi í
 neðri deild þingsins verið samþykkt lagafrumvarp um, að sameina sýslumannsembættin
 í Dalasýslu og Strandasýslu í eitt embætti, en að frumvarp þetta hafi verið fellt í efri
 deild, sökum þess, að málið þótti eigi nægilega undir búid, en að það hafi verið látið í

15 ljósi um leið, að æskilegt væri, að fengnar væru skýrslur um, að hve miklu leyti sameining þessara tveggja embætta væri heppileg, og að sýslumannsembættið í Dalasýslu, sem nú er laust, væri eigi veitt, fyr en alþingi hefði fengið færi á enn á ný að íhuga málið, þegar búið væri að fá skýrslur þær, sem nefndar voru. Auk þess hafði þjer tekið fram, að sameining þessara tveggja sýslumannsembætta mundi að yðar ætlan eigi vera allt of miklum erfiðleikum bundin, og samkvæmt því hafði þjer lagt það til, að sýslumannsembættið í Dalasýslu, sem sýslumaðurinn í Strandasýslu nú sem stendur hefur á hendi ásamt sínu eigin embætti, og sem enginn enn hefur sótt um, verði ekki veitt fyrst um sinn, og að yður verði veitt heimild til að heimta skýrslur, einkum frá hlutaeigandi sýslumanni og sýslunefndum, viðvíkjandi fullkominni sameiningu á sýslumannsembættunum í þessum tveimur sýslum í eitt embætti.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tilkynnt, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg fellst á framangreinda tillögu yðar, og býst jeg við, að þjer gjörði þóknanlega ráðstöfun til, að afla nauðsynlegra upplýsinga, að því er snertir framkvæmd á sameiningu þessari.

16 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um byggingu eyðingarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði. — Með þóknanlegu brjefi, 23. nóvbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta alþingi, um reikningsskil fyrir tekjum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði m. m., sem meðal aunars fer því fram, að allar þjóðjarðir þær í nefndu umbodi, sem nú eru í eyði og ekki verða byggðar með vanalegum skilmálum, verði boðnar duglegum mönnum til ábúðar næstu 5 ár landskuldarlaust, gegn því, að þeir svari venjulegum smjörleigum eptir kúgildi þau, er jörðunum kunna að fylgja og vinni að jarðabótum og húsabótum, eptir því sem um semur, og sömuleiðis, að allar jarðir þær, sem gjörðar eru falar til ábúðar með þessum kjörum, skuli auglýstar í blaði því, sem birtar eru í stjórnarvalda-auglýsingar — og hafði þjer lagt það til, að ráðgjafinn veiti samþykki til, að ráðstöfun sú, sem þannig er farið fram á, verði framkvæmd.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða, að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg hjer með samþykki tillögu yðar og veiti yður heimild til að gjöra það, sem nauðsynlegt er, til framkvæmdar greindri ráðstöfun.

17 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð. — Samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu ráðgjafans, eptir að hafa fengið þóknlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, 29. nóv. f. á., hefur hans hátign konunginum 10. p. m. þóknast allramildilegast að fallast á, að hálfu Mýrarkot í Grímsneshreppi í Árnessýslu, eign Mosfellskirkju, megi afhendast ekkjunni Helgu Guðmundsdóttur í Vatnsholti, í jarðaskiptum fyrir eign hennar, þriðjung jarðarinnar Minna-Mosfells í sama hreppi, þannig að hin fyrnefnda jörð verði, að því er afgjaldsskyldu snertir, skoðuð framvegis sem bændaeign, en hin síðarnefnda jörð sæti sömu kjörum sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.